

Íþróttá- og Æskulýðsnefnd

99. fundur – 24. maí 2023 kl 18.00 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fundarmenn: Jóhanna Jóhannesdóttir
Patryk Zolobow
Marta S Pétursdóttir
Margrét Eva Einarsdóttir
Aron Baldursson
Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi)

Formaður setti fundinn.

1. Mál félagsmiðstöðvarinnar.

Vinna er hafin við ráðningu á starfsmanni fyrir næsta vetur. Sú vinna er vel á veg komin. Ráðningin verður með breyttu sniði og er verið að vinna að útfærslu.

2. Sumarnámskeið.

Leikjanámskeið verður í tvær vikur og verður ekki eins og það hefur verið síðastliðin ár. Fótboltnámskeið verður í ágúst fyrir skólabyrjun. Það verður sumarnámskeið fyrir einstaklinga með fötlun þegar sumarfríð verður í smiðjunni. Fótboltaæfingar fyrir börn verða fyrir hádegi. Crossfit verður með krakkafit tvisvar yfir sumarið.

Dansnámskeið verður tvisvar yfir sumarið. Sjávarútvegsskólinn er í boði fyrir unglinga í bæjarvinnunni. Annað hefur einnig verið í umræðunni og er enn verið að vinna að útfærslu á því.

Hugmynd kom á fundinum um að búa til pakka með blöndu af námskeiðunum svo að krakkarnir geta kynnst sem flestu sem er í boði. Kristfríður ætlar að bera það undir Tinnu hjá UMF Víking og sjá hvort það sé hægt.

3. Opnir tímar í íþróttahúsi fyrir börn.

Hugmynd kom á fundinum um að hafa opna tíma í íþróttahúsinu fyrir börn á leikskóla aldri á meðan það er sumarfrí á leikskólum. Tækifæri fyrir börn og foreldra að hittast og hreyfa sig saman.

4. 17. júní.

Undirbúningur fyrir hátíðarhöldin ganga vel.

5. Snjallsímar og andleg heilsa.

Umræða skapaðist á fundum um snjallsíma notkun og andlega heilsu. Formanni var falið að hafa samband við formann fræðslunefndar og sjá hvort það væri áhugi fyrir að fá fyrirlestur um tengsl skjánotkunar og andlegrar heilsu.

Fundi slitið klukkan 19.15